

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Víkur 1975-1995, við Sunnubraut og íþróttavöll.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 31. mars 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Víkur 1975-1995 frá 11. ágúst 1977.

Breytingin felur í sér að svæði við Sunnubraut, sem var að hluta til óskipulagt, verði breytt í iðnaðar- og íbúðarbyggð. Jafnframt að íþróttavöllur verði færður til samræmis við núverandi legu og svæði fyrir opinberar stofnanir lagað til samræmis. Breytingin felur einnig í sér að verslunarsvæði norðan Sunnubrautar verði breytt að hluta til í íbúðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skiplags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Mýrdalshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 31. mars 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Hrafn Hallgrímsson.

Nr. 219

29. mars 2000

SAMÞYKKT

um niðurrif á þungavinnuvélum, bílum o.þ.h. hlutum í Hafnarfirði og geymslu slíkra tækja og hluta sem eiga að fara í niðurrif.

1. gr.

Samþykkt þessari er ætlað að tryggja rétta förgun spilliefna og annars úrgangs og hindra að almenningur verði fyrir óþægindum vegna hávaða, lyktar og óþrýði í umhverfi.

2. gr.

Niðurrif á þungavinnuvélum, bílum o.þ.h. hlutum skal fara fram innan dyra og á skipulögðum athafna- eða iðnaðarsvæðum. Afmarka skal geymslusvæði fyrir vélar og bíla, sem bíða niðurrifs og/eða förgunar, eða geyma þær innan dyra. Óheimilt er að nýta bílastæði sem ákveðin eru í skipulagi eða á samþykktum uppráttum sem slíka geymslu.

3. gr.

Áður en heimilaður er rekstur partasölu eða verkstæðis þar sem niðurrif bíla eða tækja á að fara fram skal liggja fyrir samþykkt byggingarnefndar um lóðarnýtingu, gerð bílastæða, girðingar og afmörkun og gerð geymslusvæða. Lausamuni er fylgja starfseminni skal geyma innan dyra. Heimilt er þó að geyma stærri hluti á sérstaklega afmörkuðu svæði enda sé tryggt að þeir smiti ekki olíu né séu til lýta í umhverfi.

4. gr.

Hafa skal fráveitulögn tengda olúgildru frá svæðum, þar sem tæki eru þriffin og niðurrif fer fram. Önnur niðurföll sem hætta er talin á að olía geti borist í skulu einnig tengd olúgildru. Gildran skal vera utan dyra og aðgengileg til losunar og eftirlits. Stærð hennar og gerð skal ákveðin í samráði við heilbrigðisfulltrúa.